



Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda
Collecting Society for Performing Artists and Phonogram Producers

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis,
150 Reykjavík

Reykjavík 29.11. 2015

Efni : Umsagnir um frumvörp um breytingar á höfundalögum

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda eru innheimtusamtök fyrir hljómlistarflytjendur og hljómplötuframleiðendur, en grundvöllur fyrir starfsemi samtakanna kemur fram í 47. grein höfundalaga nr. 73/1972, en samtökin innheimta þóknun vegna opinbers flutnings á hljóðritum í útvarps- og sjónvarpsstöðvum og á öðrum stöðum þar sem tónlist er flutt opinberlega svo sem í veitingahúsum, í verslunum á líkamsræktarsöðvum auk fleirir staða.

Fyrir Alþingi hafa nú að nýju eftirfarandi þrjú frumvörp verið lögð fram:

1. Frumvarp til laga um breyting á höfundalögum nr. 73/1972, (innleiðing tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB um tiltekna leyfilega notkun á munaðarlausum verkum), mál nr.333,
2. Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum, (Lenging verndartíma hljóðrita.), mál nr. 334
3. Frumvarp til laga um breyting á höfundalögum nr. 73/1972, með áorðnum breytingum,(endurskoðun höfundalaga – einkaréttindi höfunda og samningskvaðir), mál nr. 362

Öll þessi frumvörp hafa í för með sér réttarbætur fyrir notendur, neytendur, hljómlistarflytjendur og hljómplötuframleiðendur. Það frumvarp sem einkum varðar réttindi hljómlistarflytjenda og hljómplötuframleiðenda er frumvarpið um lengingu verndartíma. Mjög brýnt er að afgreiða það frumvarp nú á haustþingi bæði vegna efnis frumvarpsins og til að forðast eftirmála af hálfu EFTA vegna dráttar á afgreiðslu málsins.

Stjórn SFH styður eindregið að öll þessi frumvörp verði lögfest á yfirstandandi haustþingi.

Virðingarfyllt

F.h. SFH

Gunnar Guðmundsson framkvæmdastjóri